

Nr. 22-023 S 019 Dettifoss***Skipverji slasast á hendi***

IMO.nr. 9822853
Útgerð: Eimskip Ísland ehf
Smíðaður: Kína, 2020, stál
Fánaríki: FAS, Færeyjar.
Stærð: 26.169 BT
Mesta lengd: 179,44 m
Breidd: 31,01 m Dýpt: 8,6 m
Vél: MAN B&W, 17.000 kW, 2020.
Fjöldi skipverja: 15



Dettifoss©NN

Gögn:

Gögn RNSA

Drög að lokaskýrslu afgreidd á fundi 30. maí 2022 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirþrúði Alfreðsdóttur

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 9. mars 2022 var Dettifoss við bryggju við Sundabakka í Reykjavík.

Við brottför voru skipverjar að taka inn landgang skipsins og klemmdist einn þeirra á hendi inn á vírablökk fyrir landgangsspilið við verkið. Skipverjinn fingurbrotnaði.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Slaki var á vírnum þar sem fjarað hafði undan landgangnum sem lá upp á bryggju og vírinn gekk ekki inn í blökkina þegar híft var í hann.
- Slasaði var að fær vírinn til inn í blökkina.
- Vírinn var 11 mm að þvermáli. Eftir atvikið var skipt um vírinn og settur í staðinn 14 mm vír, en hann er það sver að hann getur ekki aflagast í blökkinni.



Myndin sýnir blökkina

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsókna.